

# Desember 2012

## Komið sæl

Nú er desember að banka á dyr og erum við farin að undirbúa jólin hér í Krílakoti. Börnin hafa verið að útbúa gjöf hand foreldrum sínum, pakka inn og gera kort. Einnig hefur verið undirbúningur fyrir jólaföndrið sem er í næstu viku. Börnin ásamt kennurum hafa bakað smákökur og skreytt Krílakot vel og vandlega. Jólaföndrið verður þriðjudag hjá Skýjaborg, miðvikudag hjá Skakkalandi og fimmtudag hjá Hólakoti og ætlum við að föndra frá 9-10:30 í salnum og í listasmíðju. Boðið verður uppá smákökur og jólaglög.

Við ætlum að hafa aðventustundir fyrsta mánudag í hverri viku, kveikja á aðventukerti og syngja saman. Jólballið verður þann 17. desember í Bergi frá 9-10 og vonandi komast sem flestir foreldrar með á ballið. 5 bekkur er vinabekkur Krílakots og ætla nemendur að heimsækja okkur 17. des frá 8-9 og fylgja okkur á jólballið og svo kemur annar hópur frá 10-11 og ætla þau að fylgja okkur aftur í leikskólann. Það verður gaman að hitta þessi hressu börn.

Annars ætlum við að njóta þess að vera til og skapa rólega jólastemningu á aðventunni föndra, lesa jólasögur og syngja jólasöngva.

Arna og Bjarney koma til vinnu þann 10 des en þær hafa verið í veikindaleyfi. Jenný fer þá frá okkur en henni þökkum við kærlega frábæra samveru þessar fimm vikur og hver veit nema hún eigi eftir að koma til okkar aftur í nánustu framtíð. Anna Lauga er í 50% veikindaleyfi og vinnur nú frá 8-12. Hún fer svo í fæðingarorlof og hefur verið auglýst eftir deildarstjóra á Hólakot fyrir komandi ár.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



## Matseðill í desember

Við hægræðum aðeins matseðlinum í desember.

Vikuna 17-21 des.

Mánudagur—Hangikjöt

Þriðjudagur—soðinn fiskur

Miðvikudagur—Hakk og spagettí

Fimmtudagur—mjólkurgrautur

Föstudagur—Nætursaltaður fiskur.

27. des

Buff

28. des

Plokkfiskur

Bestu kveðjur

Halldór og Margrét Lára



## Grænfáninn

Fulltrúar í foreldrafélagi og foreldraráði ætla að starfa með grænfánanefndinni.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Erna Pórey (Vala Katrín og Egill Bjarki)

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekla)

Karl Ingi Atlason (Bríet Póra)

## Uppbyggingarstefnan

Áhrif

Tilheyra

Frelsi

Gleði

Öryggi



Sáttmálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

## "Kennarastóll er fyrir kennara"

Við viljum hvetja foreldra til að aðstoða okkur í að hjálpa börnunum að muna að rúllustólarnir eru fyrir kennara.

Verðum við vitni að því að börnin séu að leika sér á rúllustólunum notum við sömu orðræðu þ.e. segjum "kennarastóll er fyrir kennara" í stað þess að segja "hættu að leika þér á rúllustólunum".

Sýnum jákvæðni og stöndum saman.



## Jólasveinar einn og átta.....

Eitthvað er á huldu hvað jólasveinarnir eru margir, allt frá níu og upp í þrettán. Við ætlum að ganga út frá að þeir séu þrettán og koma þeir af okkar bestu vitund í þessari röð ef þeir ruglast ekki í rýminu blessaðir sveinarnir.

Fyrsti jólasveinninn kemur aðfaranótt 12. desember

- 12. des. Stekkjastaur
- 13. des. Giljagaur
- 14. des. Stúfur
- 15. des. Þvörusleikir
- 16. des. Pottaskefill
- 17. des. Askasleikir
- 18. des. Hurðaskellir
- 19. des. Skyrgámur
- 20. des. Bjúgnakrækir
- 21. des. Gluggagægir
- 22. des. Gáttapefur.
- 23. des. Ketkrókur.
- 24. des. Kertasníkir.

## Rauður dagur 12 desember

### Má koma með jólahúfur

Verum dugleg að lesa fyrir börnin

Það getur skipt sköpum fyrir barnið og einnig góð leið til að efla tengsl milli foreldra og barns.



## Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Ágústa Kristín (mamma Magneu)  
Guðrún Ósk (mamma Ásdísar Ingu)  
Snæþór (pabbi Hólmars Elí)

Stöndum saman að velferð barna okkar



## Heimasíðan

Heimasíðan okkar hefur tekið breytingum. Endilega verið dugleg að kíkja á síðuna og kynna ykkur nýtt efni sem þar er komið inn.

Bestu kveðjur

## Athugið

Enn eru starfsmenn skólans vitni að því að börn séu ekki fest í öryggisbúnað í bílum.

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.

Höfum börnin alltaf í öryggisbúnaði

## Föt Föt Föt

Munið að merkja föt og skó barna ykkar vel. Við minnum á að í Krílakoti er 65 börn og erfitt fyrir starfsfólk að þekkja í sundur ómerkt föt. Það eru jú líkur á að þau tapist ef þau eru ómerkt. Gerum okkur lífið auðveldara og merkjum eigur okkar.

